

Miðvikudaginn 16. janúar 1991.

Nr. 337/1989. **Gunnar Björnsson**

(Jón Oddsson hrl.)

gegn

Fríkirkjusöfnuðinum í Reykjavík

(Skúli Pálsson hrl.).

Úrskurður um útburð. Áfrýjun. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. september 1989. Hann gerir þær dómkröfur, „að hinum áfrýjaða úrskurði fógetaréttar Reykjavíkur verði hrundið, úrskurðurinn felldur úr gildi og synjað verði um, að útburðarkröfur stefnda nái fram að ganga og þeim verði hafnað að öllu leyti“. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst þess, „að hin áfrýjaða útburðargerð verði staðfest“. Jafnframt krefst hann málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Við hinn munnlega flutning málsins fyrir Hæstarétti var upplýst, að stefndi hefði um mánaðamótin ágúst/september 1989 fengið umráð húsnæðisins að Garðastræti 36. Aðilar málsins hafa því ekki lengur réttarhagsmuni af því, að hinn áfrýjaði úrskurður komi til endurskoðunar fyrir Hæstarétti. Ber því að vísa máli þessu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 23. ágúst 1989.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að kröfu gerðarbeiðanda þann 14. ágúst sl.

Gerðarbeiðandi er stjórn Fríkirkjusafnaðarins í Reykjavík, kt. 560169-4509, Laufásvegi 13, Reykjavík.

Gerðarþoli er séra Gunnar Björnsson, kt. 151044-7519, Garðastræti 36, Reykjavík.

Með útburðarbeiðni, dags. 9. júní 1989, sem barst embættinu þann 22. júní sl., krefst gerðarbeiðandi þess, að gerðarþoli verði borinn út af fasteigninni Garðastræti 36, Reykjavík.

Gerðarþoli hefur engar kröfur haft uppi í máli þessu.

— — —

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Umbeðin útburðargerð á séra Gunnari Björnssyni úr húsnæði gerðarbeiðanda, stjórnar Fríkirkjusafnaðarins í Reykjavík, Garðastræti 36, nær fram að ganga á ábyrgð gerðarbeiðanda.
